

## Selsteinsdagar í Selárdal

Síðastliðið sumar fórum við hjónin í "Stóru ferðina" með Flökkurum en sú ferð var farin um Vestfirði, að Ströndunum undanskildum. Þetta var okkar fyrsta ferð á þeim slóðum og var hún okkur sannkallað ævintýri frá upphafi til loka. Einn dagur stendur þó upp úr allri ferðinni en það er dagurinn sem við eyddum ásamt nokkrum góðum Flökkurum í Selárdal.

Við komum til Bildudals síðla dags þann 13. júlí en þar hafði náttstaður verið ákveðinn. Veðrið var leiðinlegt, rigning og lágskýjað.



Listaverk Samúels

Það var því gott að elda sér mat í hlýju húsinu og fara snemma í háttinn. Morguninn eftir var hið besta veður og eftir morgunverð og "súnn og dæs" var haldið af stað út í Ketildali en ferðinni var heitið út í Selárdal á slóðir þriggja íslenskra þjóðsagnapersóna; Uppsala-Gísla, Hannibals Valdimarssonar og Samúels, listamannsins með barnshjartað. Þegar við höfðum náð áttum okum við sem leið lá vestur í Ketildali. Landslagið í Arnarfirði er ótrúlega heillandi í hrikaleik sínum, en þar mynnast snarbrattir hamraveggir við hvítan sandinn og inn á milli fjallanna eru grösugir og búsældarlegir dalir. Engan þarf að undra að í slíku umhverfi skyldu alast upp stórbrotið fólk og kynlegir kvistir eða verða til kynjasögur um galdra, tröll og forynjur.

Á leið í Selárdal okum við meðfram ströndinni og dáðumst að hvítum sandinum sem við eigum ekki að venjast fyrir norðan. Á vinstri hönd á milli fjallanna sáum við inn í Hvestudal, Hringisdal, Feitsdal og Fifustaðadal. Þegar við komum í Selárdal varð okkur fyrst fyrir að aka heim að bæ Samúels Jónssonar, en hann var fátækur hugsjónamaður sem var alla æfina að byggja og á seinni árum að mála og móta til að svara sköpunarþörf sinni. Þarna var ýmislegt að sjá, m.a. er þar eftirlíking af ljónagarðinum í Alhambra og myndastytta af Leifi heppna fyrir landtöku á Vinlandi. Þarna eru líka tvö hálfbyggð steinhús, kirkja með grísk-rómverskum turni og litið tveggja hæða hús. Öll bera þessi mannvirki merki þess að af vanefnum er unnið, enda hafði listamaðurinn ekkert nema ellistyrkinn úr að spila. Vitneskjan um þetta, ásamt staðreyndunum að þarna á hjara veraldar voru listaverk sem unnin voru af sköpunarþörf gamals afdalabarns, fylltu mig angurværum trega.

Þegar hér var komið sögu voru Lóa, Gréta og ? mættar ásamt fylgdarliði og héldum við hópinn það sem eftir lifði dagsins. Við róltum heim að eyðibýlum niður við sjóinn, þar sem blasti við okkur dapurleg hrörmun. Að vísu komust við að því eftir á að einhver manngarmur hafðist við á öðrum bænum. En hann lét ekkert á sér kræla þó að við gengjum í kring um húsið og lægjum á gluggunum með tilheyrandi athugasemdum sem sumar hverjar hefðu örugglega verið látnar ósagðar ef við hefðum vitað af manngarminum innan dyra. Við drifum okkur því sem skjótast upp í bilana og héldum inn dalinn til heimkynna Gísla.

Á leiðinni fórum við framhjá kirkjustaðnum Selárdal, þar sem Hannibal Valdimarsson, þingmaður og ráðherra, bjó um árabíl og

---

eftir það sonur hans Ólafur. Akvegurinn tók enda og við tók ganga upp á við í átt að Uppsölum. Við skoðuðum leifarnar af búsetu Gísla sem þarna bjó allan sinn aldur og fór varla af bæ nema til að vitja kindanna sinna. Andblær liðins tíma sveif yfir vötnunum og þarna mátti finna ljóð eftir Gísla skráð innan á skáphurð:

Á tímans hróðum vagni vær,  
Allar stundir áfram skundum,  
ekkert honum aftrað fær.

Hver eiginleg merking ljóðsins er eftirlátum við seinitíma bókmenntafræðingum að ráða í. Eftir langan tíma á slóðum Gísla héldum við til baka og komum við í kirkjugarðinum í Selárdal, þar sem gömul leiði voru skoðuð af nákvæmni. Bærinn var læstur og var

auðvitað gripið til þess ráðs að leggjast á gluggana. En það var betra að gæta sín því óvandaðir ferðamenn höfðu greinlega verið þar á undan okkur og sjá mátti að hér og þar hafði verið gengið örna sinna við húsveggina. Þrátt fyrir fyllstu varúð varð einn úr hópnum fyrir því að stiga ofan í óhroðann og fylgdi því að vonum talsverður hávaði og formælingar.

Deigi var nú tekið að halla og eftir að hafa fengið okkur að borða okum við aftur í átt að Bildudal. Að baki var ógleymanlegur dagur, fjarri heimsins glaumi, í faðmi Selárdals sem fóstrað hafði listamenn, stjórn málasköruna og fræðimenn en geymdi nú minningarnar einar í faðmi fjalla sinna.

*Elin Antonsdóttir - 187*

---